



Til stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.  
Borgartúni 30  
128 Reykjavík

Reykjavík, 7. apríl 2022

Velferðarvaktin hefur fjallað um rannsóknarskýrsluna *Félagsleg og efnahagsleg staða og brotthvarf úr íslenskum framhaldsskólum*, sem félags- og vinnumarkaðsráðuneytið og mennta- og barnamálaráðuneytið komu að og Velferðarvaktin gaf út í janúar sl. Skýrsluna unnu Kolbeinn H. Stefánsson, félagsfræðingur og Helgi Eiríkur Eyjólfsson, sérfræðingur.

Velferðarvaktin tekur undir eftirfarandi tillögur sem fram koma í skýrslunni og beinir því til stjórnvalda, bæði ríkis og sveitarfélaga, að unnið verði að framgangi þeirra undir forystu mennta- og barnamálaráðherra, samhliða þeirri vinnu sem nú fer fram varðandi skóla- og félagsmál á vegum stjórnvalda. Tillögurnar eru:

#### **Fyrir grunnskólastigið:**

- *Aukið samstarf á milli skóla og félagsþjónustu fyrir börn til að greina þá þætti sem hamla námsgetu og við mótun og framkvæmd úrræða til að bregðast við þeim.*
- *Koma á upplýsinga- og eftirfylgniskerfi sem fylgist með afdrifum nemenda eftir grunnskóla og tryggir samfellu í stuðningsúrræðum á milli grunn- og framhaldsskóla.*
- *Efla vitund og ábyrgð grunnskóla á brotthvarfi nemenda 1-3 árum eftir lok grunnskóla með upplýsingamiðlum um brotthvarf nemenda til sveitarfélaga og grunnskóla innan þeirra.*
- *Gera athugun á því hvort fýsilegt sé að hanna forspárlikan fyrir brotthvarf byggt á námsárangri í 7.-8. bekk svo grunnskólar geti hafið snemmtæka íhlutun til að vinna gegn brotthvarfi.*

#### **Fyrir framhaldsskólastigið:**

- Koma á skimunartólum á grundvelli skráargagna skólanna og tölfraeðilíkana/vélnámslíkana (e. machine learning) til að framhaldsskólar geti unnið gegn líklegu brotthvarfi nemenda og veitt þeim viðeigandi aðstoð.*
- *Aukið samstarf á milli skóla og félagsþjónustu til að greina þá beinu þætti sem tengjast félagslegri og efnahagslegri stöðu sem auka líkur á brotthvarfi og við mótun og framkvæmd úrræða til að bregðast við þeim.*

Erindi þessa efnis hefur verið sent á mennta- og barnamálaráðherra og félags- og vinnumarkaðsráðherra.

Velferðarvaktin óskar eftir því að stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga fari yfir tillögurnar og kynni þær sveitarfélögum.

Fyrir hönd Velferðarvaktarinnar,

Siv Friðleifsdóttir, formaður Velferðarvaktarinnar.